



## Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Skriðuklaustri, 18. apríl 2017

### Efni: Umsögn um þingsályktun um uppbyggingu að Hrauni í Öxnadal, 193. mál.

Söfn og setur um rithöfunda og skáld á Íslandi eru fá miðað við á Norðurlöndum og í Evrópu, að ekki sé minnst á í ljósi þess hve bókmenntir vega þungt í ímynd þjóðarinnar. Í þingsályktunartillögum um Hraun í Öxnadal eru talin upp þau fáu höfundasetur sem starfrækt eru á landinu. Rekstrarform þeirra er misjafnt en öll vinna þau að eflingu bókmennta samhliða því að halda á lofti minningu þeirra höfunda sem þau fjalla um og auka áhuga á verkum þeirra. Gestir þessara setra eru jafnt innlendir sem erlendir og hefur fjölgað hin síðari ár samhliða fjölgun ferðamanna. Uppbygging slíkra menningarsetra er að vissu leyti mikilvægur liður í að byggja upp söguferðapjónustu á landsbyggðinni sem stuðlar að betri dreifingu ferðamanna um landið og miðlun menningararfs til erlendra gesta.

Jónas Hallgrímsson er óumdeilanlega eitt merkasta skáld íslenskra bókmennta, þjóðskáldið stærsta, og þar að auki merkur náttúrufræðingur. Innan raða okkar sem störfum að höfundasetrum urðu það mikil vonbrigði að ekki tókst að fylgja eftir þeirri uppbyggingu sem varð að Hrauni í tilefni 200 ára afmælis skáldsins árið 2007. Erfitt er að sjá fyrir sér uppbyggingu og rekstur á slíku setri án aðkomu ríkis og sveitarfélaga og hvetjum við því þingmenn til að afgreiða nú þessa þingsályktun um uppbyggingu að Hrauni í Öxnadal svo að minningu þjóðskáldsins verði sómi sýndur.

Engar efnislegar athugasemdir eru gerðar við þingsályktunartillöguna en lýst yfir stuðningi við að ráðherra mennta- og menningarmála verði falið að gera samning um setrið og tryggja fjárframlög ríkisins til næstu ára.

Skúli Björn Gunnarsson  
forstöðumaður Gunnarsstofnunar